

L Ö G**um samkomudag reglulegs Alþingis 1965.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1965 skal koma saman laugardaginn 9. október 1965, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrir á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. febrúar 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G**um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

84.30.05 orðist svo:

05 Flökunarvélar, flatningsvélar og hausskurðarvélar til vinnslu á fiski 10%

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. febrúar 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.